



## Tilkynning frá True Westfjords

Bolungarvík 3. mars 2016

True Westfjords ehf hefur, í samráði við Matvælastofnun, ákveðið að stöðva dreifingu og innkalla eina tiltekna framleiðslulotu af Dropa þorskalýsi í fljótandi formi í 220 ml flöskum. Þessi lota er merkt BF090117.

Ástæða innköllunar er að í ljós hefur komið að eitt gildi af þremur fyrir þrávirk efni, samanlagt magn díoxín, fúran og díoxínlíkra PCB efna mældist yfir leyfilegu hámarksgildi. Með öryggi neytenda í forgangi er því ákveðið að innkalla lotuna.

Upplýsingar um vöruna;

Vöruheiti: Dropi – Pure Icelandic cod liver oil

Strikamerki: 5694110051608

Nettómagn: 220 ml

Best fyrir: 090117

Neytendum sem keypt hafa vöruna með þessum lotunúmeri er bent á að þeir geta skilað vörunni í þá verslun þar sem hún var keypt. True Westfjords ehf biður neytendur velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta hefur getað valdið.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri True Westfjords ehf í netfangið [anna@truwest.is](mailto:anna@truwest.is)